

Samningur

Sveitarfélagið Norðurþing og Hestamannafélagið Grani (hér eftir nefnt Grani) gera með sér svohljóðandi samning vegna starfsemi Grana:

Markmið

Að Grana verði kleyft að vinna að áframhaldandi góðu og markvissu starfi er vîkur að framgangi hestaþróttanna innan Norðurþings. Samstarf verði á milli Sveitarfélagsins Norðurþings og Grana vegna þátta er snúa að samnýtingu og samvinnu vegna ýmissa viðburða innan sveitarfélagsins á Húsavík og nágrennis.

Framkvæmd og fjárhagslegar skuldbindingar

Norðurþing veitir Grana styrk ætlaðan í æskulýðsstarf félagsins :
Grani ber ábyrgð á því að sækja greiðslur til Norðurþings.

655.636 kr	2021
675.305 kr	2022
695.564 kr	2023

Greiðslur vegna snjómoksturs

Sérstakar greiðslur til Grana vegna snjómoksturs á reiðleiðum sem félagsmenn hyggjast nota og vegna snjómoksturs að reiðhöll og félagsaðstöðu.

470.000 kr	2021
484.100 kr	2022
498.623 kr	2023

Faglegt starf

Félagið skuldbindur sig að tryggja öllum börnum og unglingum sem vilja, aðgang að starfsemi félagsins.

Grani skuldbindur sig til að kynna sér, vinna eftir og skrifa uppá viðbragðsáætlun Æskulýðsvettvangsins sem finna má hér ; <https://www.umfi.is/media/1758/vidbragdsa-aetlun-aev-2018-2020-u-tgl.pdf>

408
BH

Sömuleiðis skuldbindur Norðurþing sig til að styðja Grana vegna innleiðingar á #metoo áherslum í starfsemi klúbbsins. Einnig veitir Norðurþing ráðgjöf frá félagsþjónustu og fjölskyldusviði ef þurfa þykir.

Grani skuldbindur sig til samstarfs við Norðurþing um notkun rafræns skráningar- og greiðslukerfis þegar og ef Norðurþing ákveður í samráði við Íþróttafélögin að taka slíkt kerfi til notkunar.

Forvarnir

Sérstök áhersla skal lögð á forvarnarstarf gegn einelti og hvers konar fíkniefnum í öllu starfi á vegum félagsins m.a. í samvinnu við ábyrgðaraðila með forvarnarmálum hjá Norðurþingi.

Sumaríþróttaskóli

Grani skal leitast við að vera í samstarfi við Norðurþing og önnur íþróttafélag um starfsemi og fyrirkomulag sumaríþróttaskóla fyrir börn á aldrinum 6-12 ára. Námskeiðin skulu opin öllum börnum sem búsett eru félagssvæði Grana.

Nánari útfærsla námskeiðanna er í höndum þeirra félaga/aðila sem standa að sumaríþróttaskólum.

Auglýsingar

Ef Norðurþing óskar eftir því mun merki sveitarfélagsins vera sýnilegt á áberandi stað í reiðhöll félagsins. Norðurþing mun kosta skiltið og Grani sér um uppsetningu á því.

Aðrir viðburðir

Grani tekur þátt í framkvæmd 17.júní hátíðahalda á Húsavík og aðstoðar við aðra viðburði á vegum sveitarfélagsins á Húsavík sé þess óskað.

Styrkur sveitarfélagsins er greiddur út í einu lagi þegar ársskýrsla og ársreikningar fyrri árs Grana liggja fyrir.

Nánari útfærsla á samningnum s.s. á þætti vinnuframlags fer í gegnum íþrótt- og tólmstundafulltrúa Norðurþings í samstarfi og samráði við hlutaðeigandi aðila s.s. umsjónamann eigna, verkstjóra þjónustumiðstöðvar Norðurþings og fulltrúa Grana.

Samningur þessi er gerður til 3 ára (starfsárin 2021,2022,2023) 2018,2019,2020) og skal hann endurskoðaður á hverju ári við gerð fjárhagsáætlunar Sveitarfélagsins Norðurþings. Við endurskoðun samningsins skal farið yfir liðið ár og verkefni næsta árs.

Samningur þessi er opinbert gagn og er birtur á vef Norðurþings.

KPP
BH

11. gr. Gildistími og önnur ákvæði

Samningur þessi gildir frá undirritun og til 31.12.2023.

Samningurinn er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili einu eintaki.

F.h. Sveitarfélagsins Norðurþings

Kjartan Páll

NORÐURÞING

F.h. Hestamannafélagsins Grana

Bjarki Helgason

KPP
BH